

Nd.

231. Frumvarp til laga

[121. mál]

um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Flm.: Alfreð Gíslason bæjarstjóri.

4. gr. laganna orðist þannig:

Stjórn hafnarinnar skipa 5 menn: þrír kosnir af sameinuðu Alþingi og tveir kosnir hlutfallskosningu af bæjarstjórn Keflavíkur og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Hafnarstjórn skal kosin til fjögurra ára í senn. Ráðherra sá, sem fer með hafnarmál, skipar formann hafnarstjórnar úr hópi stjórnarmanna.

Hafnarstjóri skal ráðinn sem fastur starfsmaður hafnarinnar og skipaður í starfið af áður nefndum ráðherra. Hafnarstjóri skal hafa framkvæmdastjórn og daglegan rekstur hafnarinnar með höndum. Hann situr fundi hafnarstjórnar og hefur þar tillögurétt.

Greinargerð.

Með lögum nr. 25 23. apríl 1946 var svo ákveðið, að ríkisstjórnin skyldi gera og starfrækja hafnarmannvirki í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum. Var þar með stofnað til fyrstu landshafnar á Íslandi. Meginmál þessara laga var fellt inn í lög nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Í 4. gr. nefndra laga segir, að stjórn hafnarinnar skipi 5 menn: „Hafnarstjóri, skipaður af ráðherra þeim, er fer með hafnarmál, og fjórir meðstjórnendur, þrír kosnir af sameinuðu Alþingi og einn af bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps.“

Með því að ekkert fordæmi var fyrir hendi við stofnun fyrirtækisins um skipan slíkrar stjórnar, mun þessi tilhögun á stjórn hennar hafa verið ákveðin, þar til séð yrði, hvort önnur skipan væri heppilegri.

Í bæjarstjórn Keflavíkur eru 7 bæjarfulltrúar, en 5 menn skipa hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps. Vegna meirihlutaáðstöðu sinnar hefur bæjarstjórnin ætíð haft það á valdi sínu að kjósa Keflvíking í hafnarstjórnina. Lengst af hefur eining og samkomulag ríkt milli bæjarstjórnar og hreppsnefndar um kosningu þessa eina manns, sem þeim var leyft að kjósa í hafnarstjórnina. Lengst af tímanum, frá því að landshöfnin var stofnuð, varð Njarðvíkingur kosinn, enda var hann eini Njarðvíkingurinn í hafnarstjórn. Hefur bæjarstjórn Keflavíkur sýnt lofsverða sanngirni með þessu. Óánægja ríkti hins vegar meðal almennings í báðum byggðarlögum með það fyrirkomulag á skipan hafnarstjórnar, að byggðarlögin réðu aðeins 1 manni af 5. Hefur þetta fyrirkomulag skapað nokkurn rígg og togstreitu um hafnarmálin milli þessara nágrenna bæja, ekki sízt eftir að bæjarstjórnin hætti stuðningi sínum við kosningu Njarðvíkings árið 1958. Hafnarmálin hafa ætíð verið viðkvæm mál í þessum byggðarlögum. Fyrir 1942 voru þau eitt sveitarfélag, en slitu það ár samfélagi, aðallega vegna hafnarmálanna.

Landshafnarstjórn hefur rætt þetta mál á fundum sínum og einróma mælt til þess við flm., að frumvarp verði flutt á Alþingi um breytingu á skipun hafnarstjórnar á þá leið, sem hér er fram komin.

Hafnarstjóri hefur jafnan verið skipaður til fjögurra ára í senn og jafnframt verið formaður hafnarstjórnar. Slík atvinna er ótrygg og hætt við, að hæfir og góðir menn haldist ekki við í svo tímabundnu starfi. Telur flm. eðlilegast, að hafnarstjóri verði fastráðinn starfsmaður hafnarinnar, en hafi fullkominn tillögurétt á fundum hafnarstjórnar.